

Tölulegar upplýsingar 2020 – Bjarmahlíð á Akureyri

Ofbeldi á sér margar birtingarmyndir. Í Bjarmahlíð eru teknar saman upplýsingar um ofbeldið sem þjónustuþegi greinir frá og eru eftirfarandi birtingarmyndir notaðar til grundvallar í þessari skýrslu. Athugið að einungis nokkur dæmi eru gefin við hverja tegund ofbeldis en þau eru fleiri.

- **Líkamlegt:** hrinda, ýta, slá, halda, kýla, sparka, brenna, drekkja, kæfa, kyrkja.
- **Andlegt:** stjórnun, kúgun, niðurlæging, sjálfsvígshótanir, einangrun, morðhótun.
- **Kynferðislegt:** þvingun til kynferðislegra athafna, pressa/suða/hóta, vakna við nauðgun/"kynlíf".
- **Mansal:** þvingað vændi, nauðungarvinna eða þrældómur.
- **Fjárhagslegt:** eyðileggja muni, hindra eða skerða aðgang að fjármunum.
- **Stafrænt:** misnotkun á samfélagsmiðlum, hótanir gegnum miðla, auðkennapjófnaður.
- ...þar af **stafrænt kynferðisofbeldi:** myndbirtingar eða hótanir um slíkt á samfélagsmiðlum.
- **Eltihrellir** (e. stalking): elta manneskju og/eða sitja fyrir henni gegn vilja hennar.
- **Beint og/eða óbeint ofbeldi gegn börnum:** líkamlegt, andlegt og/eða kynferðislegt eða barn verður vitni að ofbeldi á heimilinu.
- **Vanræksla:** aðstoð haldið viljandi frá viðkomandi, lyfjagjöf ekki sinnt.
- **Ofbeldi sem felur í sér mismunun:** ofbeldi og áreitni sem beinist t.d. að uppruna, kyni, kynþætti, kynhneigð, kynvitund, skerðingu eða annarri stöðu viðkomandi.

Grunnupplýsingar

Upplýsingar í ársskýrslu Bjarmahlíðar eru fengnar úr spurningum í komuskýrslum sem allir þjónustuþegar svara þegar þeir koma í fyrsta viðtal. Teymisstjóri Bjarmahlíðar spyr spurninganna og fyllir inn í komuskýrsluna, en samskonar spurningarlisti er lagður fyrir alla þjónustuþega.

Hér fyrir neðan er að finna upplýsingar úr helstu þáttum í komuskýrslu. Athugið að í einhverjum tilfellum svöruðu ekki allir þjónustuþegar öllum spurningum í komuskýrslu og í þeim tilfellum eru einungis svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar með í útreikningum fyrir þá spurningu.


Á árinu 2020 leituðu alls 110 einstaklingar til Bjarmahlíðar í fyrsta viðtal. Flestir þjónustugegar höfðu fengið þjónustu annars staðar áður en þeir komu í Bjarmahlíð. Alls höfðu 8 einstaklingar (8%) af 105 sem tóku afstöðu til spurningarinnar, komið áður í Bjarmahlíð. Sjá nánar dreifingar í þjónustu áður í töflu 1.

Þjónusta áður	Fjöldi	%
Lögreglu	35	33%
Heilsugæslu/Spítala	18	17%
Ekki fengið aðstoð áður	18	17%
Barnavernd	17	16%
Geðdeild	15	14%
Sjálfstætt starfandi fagaðila	15	14%
Bráðamóttöku SAK/LSH	11	11%
Aflið	11	11%
Bjarmahlíð	8	8%
Stígamótum	6	6%
Bjarkarhlíð	6	6%
Kvennaathvarf	5	5%
Þjónustumiðstöð	3	3%
Sýslumaður	3	3%
Drekaslóð	0	0%
	171	164%

Tafla 1. Dreifing svara þjónustugega vegna þjónustu sem þeir höfðu fengið áður en þeir komu í Bjarmahlíð á árinu 2020. Athugið að fjöldi svara (N=171) er hærri en fjöldi þjónustugega, en það skýrist af því að einhverjir þjónustugegar höfðu fengið aðstoð áður á fleiri stöðum en einum. Hlutfallsleg dreifing eins og sýnd er hér í prósentum miðast þó við fjölda einstaklinga sem svöruðu spurningunni (N=105) og er samanlagt hlutfall því herra en 100%

1. Komufjöldi eftir mánuðum

Að meðaltali komu 9 einstaklingar í fyrsta viðtal í Bjarmahlíð í hverjum mánuði árið 2020. Flestir komu í fyrsta viðtal í september eða 17% en fæstir komu í fyrsta viðtal í apríl eða 4%. Upplýsingar um fjölda fyrstu viðtala í hverjum mánuði lágu fyrir í 108 málum. Sjá nánar dreifingu fyrstu viðtala á mynd 1.



Mynd 1. Dreifing fyrstu viðtala í Bjarmahlíð eftir mánuðum.

2. Upplýsingar um úrræðið

Alls svöruðu 106 einstaklingar spurningunni um hvernig þeir heyrðu af úrræðinu en sumir nefndu fleiri en eitt atriði. Flestir heyrðu af Bjarmahlíð í gegnum samskiptamiðla eða 21 einstaklingur (20%). Alls sögðust 19 hafa heyrt af úrræðinu gegnum lögreglu (18%) og 16% eða 17 einstaklingar heyrðu af Bjarmahlíð gegnum opinbera umfjöllun. Einungis 2% þjónustuþega heyrðu af úrræðinu í gegnum SAK og tæp 4% í gegnum barnavernd. Sjá nánar í töflu 2.

Heyrði af úrræðinu	Fjöldi	%
Vinur/kunningi/fjölskylda	12	11%
Opinber umfjöllun	17	16%
Lögregla	19	18%
Þjónustumiðstöð	8	8%
Heilbrigðisstarfsmenn (SAK/HSN)	8	8%
Samskiptamiðlar (Instagram, Snapchat, Facebook o.fl.)	21	20%
Vinnustaður/samstarfsaðili	15	14%
Barnavernd	4	4%
Vinur/fjölskylda/kunningi	12	11%
Annað	1	1%

Tafla 2. Dreifing svara þjónustuþega við spurningunni „Hvernig heyrðir þú fyrst af Bjarmahlíð?“

Áhugavert er að skoða hvernig þjónustuþegar fengu upplýsingar um Bjarmahlíð, en mikilvægt er að hafa slíkar upplýsingar tiltækar til að kanna hvar virðist vera mikið vísað á úrræðið og hvað mætti mögulega gera betur.

3. Hafði samband

Upplýsingar um hvernig þjónustuvegi hafði samband við Bjarmahlíð eru sömuleiðis mikilvægar til að fylgjast með því hvaða leiðir þjónustuvegar vilja helst nota til að hafa samband við Bjarmahlíð. Sjá í töflu 3.


Samband fyrst	Fjöldi	%
Símleiðis	57	55%
Netbókun	42	40%
Tölvupóstur	4	4%
Kom á staðinn	1	1%
	104	100%

Tafla 3. Með hvaða hætti þjónustuvegi hafði samband við Bjarmahlíð til að fá tíma í fyrsta viðtal.

Nánar um þjónustuvegana

4. Aldur

Flestir voru í aldurshópnum 18-30 ára (32%) og 31-40 ára (28%). Sjá mynd 2.



Mynd 2. Aldursdreifing þjónustuvega í Bjarmahlíð árið 2020.

5. Kyn

Meiri hluti þjónustuvega eða 89% voru konur en 11% voru karlar. Sjá töflu 4.

Kyn	Fjöldi	%
Kona	93	89%
Karl	12	11%
Skilgreint á annan hátt	0	0%
	105	100%

Tafla 4. Skipting þjónustuvega eftir kyni; kona, karl, skilgreint á annan hátt, á árinu 2020.

6. Þjóðerni

Þjónustuvegar með íslenskt ríkisfang eru í miklum meirihluta. Sjá nánar í töflu 5.

Þjóðerni	Fjöldi	%
Íslenskt	96	90%
Erlent (utan Evrópu)	7	7%
Erlent (innan Evrópu)	3	3%
	106	100%

Tafla 5. Þjóðerni þjónustuvega sem leituðu til Bjarmahlíðar árið 2020; íslenskt, erlent (innan Evrópu), erlent (utan Evrópu).

7. Búseta

Alls svöruðu 108 einstaklingar spurningu um búsetu þegar þeir komu í fyrsta viðtal á árinu 2020. Flestir komu af frá Akureyri eða 80 einstaklingar (74%). Sjá töflu 6.

Póstnúmer-lögheimili þjónustuvega núna	Fjöldi	%
600	59	55%
603	21	19%
540	5	5%
620	4	4%
111	2	2%
610	2	2%
630	2	2%
700	2	2%
701	2	2%
108	1	1%
221	1	1%
545	1	1%
550	1	1%
605	1	1%
640	1	1%
660	1	1%
670	1	1%
735	1	1%
Samtals svör	108	100%

Tafla 6. Búseta þjónustuvega.

8. Hjúskapastaða

Fleiri þjónustupegar voru einhleypir, að skilja, fráskildir eða ekkjar/ekkjur (73%) heldur en þeir sem voru í sambandi eða giftir (25%). Sjá töflu 7.

Hjúskapastaða	Földi	%
Einhleyp/ur	55	53%
Er að skilja/slíta sambúð	19	18%
Í sambúð/sambandi	14	13%
Gift/ur	13	12%
Ekkja/ekkill	2	2%
Annað	2	2%
	105	100%

Tafla 7. Hjúskapastaða þjónustupega sem leituðu í Bjarmahlíð á árinu 2020. Svör 5 einstaklinga vantar og er nefnarinn því N=105 í útreikningum vegna töflu 7.

9. Atvinnustaða

Alls voru 50% þjónustupega í fullu starfi eða hlutastarfi. Hlutfall öryrkja var 27% og atvinnulausir voru alls 10 (9%). Sjá töflu 8.

Atvinnustaða	Fjöldi	%
í fullu starfi	42	39%
Öryrki/tímabundin endurhæfing	29	27%
í hlutastarfi	12	11%
Án atvinnu	10	9%
Nemi	10	9%
Fæðingarorlof	4	3%
Ellilífeyrisþegi	2	2%
Annað	0	0%
	109	100%

Tafla 8. Atvinnustaða þjónustupega þegar þeir komu í fyrsta viðtal í Bjarmahlíð á árinu 2020. Samanlagður fjöldi svara þeirra 106 þjónustupega sem svöruðu spurningunni var 109 og er nefnarinn vegna útreikninga í töflu 8 því 109, þar sem sumir merktu við fleiri en einn möguleika.

10. Menntunarstig

Flestir þjónustuþegar höfðu lokið framhaldsskóla eða háskóla eða samtals 51%. Alls höfðu 46% einungis lokið grunnskóla. Sjá nánar í töflu 9.

Menntunarstig	Fjöldi	%
Grunnskólanámi	42	46%
Háskólanámi	24	26%
Framhaldsskólanámi	23	25%
Annað/sérskóli	3	3%
	92	100

Tafla 9. Menntunarstig þjónustuþega sem komu í fyrsta viðtal í Bjarmahlíð árið 2020.

11. Fötlun, sjúkdómar eða fíkn

Til að henda reiður á fjölda þeirra einstaklinga sem búa við fötlun, sjúkdóm eða fíkn er lögð fyrir spurning með nokkrum valmöguleikum. Það er hægt að merkja við fleiri en einn möguleika í þessari spurningu. Alls sögðust 66% búa við andlegan sjúkdóm og 17% við líkamlegan sjúkdóm. Sjá nánar í töflu 10.

Fötlun/sjúkdómur/annað	Fjöldi	%
Andlegur sjúkdómur	67	66%
Líkamlegur sjúkdómur	17	17%
Fíkniefnavanda	8	8%
Hreyfihömlun	6	6%
Áfengisvanda	6	6%
Þroskaskerðing	4	4%
Heyrnarleysi/skerðing	2	2%
Blinda/sjónskerðing	0	0%
Ekkert af ofantöldu	26	26%
	136	135%

Tafla 10. Fötlun, sjúkdómar og/eða eða fíkn sem þjónustuþegar Bjarmahlíðar 2020 glíma við. Þó að samanlagður fjöldi atriða sé 136 verður hér notast við fjölda einstaklinga sem tóku afstöðu til spurningarinnar (N=102) til að finna út hlutfall þjónustuþega með fatlanir/sjúkdóm og/eða fíkn. Þar af leiðandi er samanlagt hlutfall lægra en 100%.

Ofbeldisverk og gerendur

Ofbeldi getur verið margþætt og þar af leiðandi oft erfitt fyrir einstaklinga að flokka hverjar eru aðalástæður og hverjar eru aðrar ástæður fyrir því að leitað er eftir aðstoð. Engu að síður getur verið mikilvægt fyrir þolendur að velta slíku fyrir sér til að átta sig á þeim ólíku afleiðingum sem einstaka birtingarmyndir ofbeldis geta haft. Þjónustupegar eru spurðir af hverju þeir séu komnir í Bjarmahlíð og nefna margir margar ástæður.

12. Aðalástæða komu

Hér hafa verið tekin saman algengustu svör þjónustupega við spurningunni um aðalástæðuna fyrir því að þeir leituðu til Bjarmahlíðar. Flestir nefna andlegt ofbeldi eða 79%, 42% þjónustupega nefna líkamlegt ofbeldi og sama hlutfall nefnir kynferðislegt ofbeldi. Sjá töflu 11.

Aðalástæða komu	Fjöldi	%
Andlegt ofbeldi	84	79%
Kynferðislegt ofbeldi	44	42%
Líkamlegt ofbeldi	44	42%
Eltihrellir	22	21%
Fjárhagslegt ofbeldi	18	17%
Kyrkingartak	12	11%
Morðhótun	11	10%

Tafla 11. Aðalástæða komu. Af 110 einstaklingum svöruðu 106 eða 96% þjónustupeganna sem komu í fyrsta viðtal í Bjarmahlíð árið 2020. Nefnarinn hér er því 106 en ekki 110 eins og heildarfjöldi einstaklinga sem kom í fyrsta viðtal. Mögulegt var að merkja við fleiri en eina tegund ofbeldis og því er samanlagt hlutfall hærra en 100%.

13. Tengsl við geranda

Þegar skoðað er hvernig mál koma í Bjarmahlíð má hafa töflu 12 hér fyrir framan til hliðsjónar. Ef skoðuð eru tengsl geranda og þolanda má sjá að 84% þjónustupega segja að gerandinn sé barn, ættingi, foreldri, núverandi eða fyrrverandi maki. Ef heimilisofbeldi er skilgreint vítt má segja að 84% málanna sem koma á borð Bjarmahlíðar séu heimilisofbeldismál. Ef við skoðum aftur á móti einungis hlutfall þeirra sem tilgreina núverandi eða fyrrverandi maka sem geranda þá er hlutfallið 61%. Sjá nánar í töflu 12.

Tengsl við geranda	Fjöldi mála	%
Fyrrverandi maki	50	47%
Ættingi	20	19%
Núverandi maki	15	14%
Vinur/Kunningi	15	14%
Foreldri	4	4%


Ókunnur	2	2%
Fjölskylduvinur	2	2%
Barn	1	1%
Samstarfsmaður	1	1%
Fagaðili	1	1%
Samtals	111	105%

Tafla 12. Tengsl þjónustuþega við geranda. Flestir sem leita til Bjarmahlíðar koma vegna ofbeldis af hálfu fyrrverandi maka (47%), núverandi maka (14%) eða ættingja (19%). Möguleiki er að merkja við fleiri en einn geranda og því er samanlögð % hærri en 100%.

14. Kyn, aldur og þjóðerni geranda

Upplýsingar um kyn geranda lágu fyrir í 106 málum. Karlar voru gerendur í 95% málanna og konur í 5% mála.

Flestir gerendur voru á aldursbilinu 31-40 ára (29%) en upplýsingar um aldur geranda lágu fyrir í 105 málum. Sjá mynd 3.




Mynd 3. Aldursdreifing gerenda.

Upplýsingar um þjóðerni gerenda lágu til grundvallar útreikninga í 106 málum. Flestir gerendur voru íslenskir eða 86% en 8% voru með erlent þjóðerni innan Evrópu og 6% með erlent þjóðerni utan Evrópu.

15. Afleiðingar ofbeldisins; sjálfsskaði, fyrri áföll, áhrif, neysla

Afleiðingar ofbeldis geta verið margskonar. Þjónustuþegar eru spurðir um þær afleiðingar sem þeir hafa upplifað. Alls sögðust 99% þjónustuþega vera að glíma við andlega vanlíðan í kjölfar ofbeldisins. Þeir voru spurðir nánar út í vanlíðan í kjölfar ofbeldisins og í mynd 4 má sjá dreifingu svara þeirra.



Mynd 4. Dreifing svara þjónustupeganna varðandi vanlíðan í kjölfar ofbeldisins. Athugið að hægt er að merkja við fleiri en einn möguleika og þess vegna er samanlagt hlutfall hærra en 100%.

Alls höfðu 12 einstaklingar af þeim 105 sem svöruðu spurningunni sjálfsskaða (11%) skaðað líkama sinn í vegna ofbeldisins. 28 einstaklingar af 106 (26%) höfðu einhvern tímunn verið með sjálfsvígshugsanir í tengslum við ofbeldið og einum þjónustuþega var vísað beint á geðdeild vegna hugsana um að taka líf sitt.

16. Fjárhagur og fíknir

Alls svöruðu 99 einstaklingar spurningunni um hvort ofbeldið hafi haft áhrif á fjárhagslega afkomu viðkomandi, 39% sögðu já að einhverju leyti, 9% sögðu já að miklu leyti en 52% sögðust ekki hafa fundið fyrir því.

24% svarenda af þeim 102 sem svöruðu spurningunni töldu að þeir glímdu við áfengis og/eða fíkniefnavanda (þar með talin lyfseðilskyld lyf). Alls sögðu 26 einstaklingar að neyslan hafi að einhverju leyti orðið skaðleg í kjölfar ofbeldisins og tveir sögðu að neyslan hafi, að miklu leyti, orðið skaðleg í kjölfar ofbeldisins.

17. Fyrri áföll

Af 106 einstaklingum sem svöruðu spurningunni hvort viðkomandi hafi sögu um fyrri áföll tengd ofbeldi sögðu 60% já og 40% sögðu nei. Þeir þjónustuþegar sem höfðu sögu um fyrri áföll tengdu ofbeldi fá spurningu um tegund þess ofbeldis. Þar af sögðu 36% að fyrri ofbeldi hafi verið beint heimilisofbeldi, 48% sögðu að um óbeint heimilisofbeldi hafi verið að ræða. 9% höfðu orðið fyrir líkamlegu ofbeldi og 21% fyrir andlegu ofbeldi. 18% þeirra 67 einstaklinga sem svöruðu spurningunni um eðli fyrri ofbeldis sögðust hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og 5% nefndu annað ofbeldi. Athugið að mögulegt var að mekja við fleiri en eina tegund ofbeldis og því er samanlagt hlutfall hærra en 100%.

18. Kærur og afdrif fyrir dómstólum

26% svarenda (27 einstaklingar) sögðust hafa kært ofbeldið til lögreglu, og af málunum 27 hafði verið gefin út ákæra í 25 málum. Þar af eru 18 mál í vinnslu, 4 mál enduðu með sakfellingu en 3 mál voru felld niður/vísað frá.


19. Börn á heimili og afskipti barnaverndar

Af þjónustupegunum 110 svöruðu 100 einstaklingar spurningunni um hversu mörg börn undir 18 ára aldri búi á heimili viðkomandi núna. Alls sögðu 63% svarenda að samtals 109 börn byggju núna á heimilinu.

Í 57% tilfella hafði barnavernd haft afskipti vegna ofbeldis á heimili viðkomandi. Af þeim 63 einstaklingum sem sögðu að barn/börn byggju á heimilinu sögðu 27 þeirra (43%) að lögreglan hafi haft afskipti vegna ofbeldis á heimilinu.


20. Tilvísanir eftir fyrsta viðtal

Eftir fyrsta viðtal í Bjarmahlíð metur teymisstjóri stöðuna og vísar þjónustupega í viðeigandi úrræði. Annars vegar eru úrræðin flokkuð sem „innan Bjarmahlíðar“ – sem á við um samstarfsaðilana, hins vegar eru úrræðin flokkuð „utan Bjarmahlíðar“ – sem eru þeir fagaðilar sem ekki eru í formlegu samstarfi við Bjarmahlíð. Flestar tilvísanir voru í Aflið (22%). Flestir þjónustupegar fá tilvísun í fleira en eitt úrræði og þannig var 110 einstaklingum vísað í alls 194 úrræði innan Bjarmahlíðar og 60 úrræði utan Bjarmahlíðar. Sjá myndir 5 og 6.



Mynd 5. Þjónustuleið innan Bjarmahlíðar eftir fyrsta viðtal. Hér er birt dreifing innan úrræða (ekki einstaklinganna) og nefnarinn því N=194.

Flestar tilvísanir utan Bjarmahlíðar voru til annara fagaðila (65%). Sjá nánar í mynd 6.



Mynd 6. Þjónustuleið utan Bjarmahlíðar eftir fyrsta viðtal. Hér er birt dreifing innan úrræða (ekki einstaklinganna) og nefnarinn því $N=60$.